



Verklagsreglur

1

Gifsbundið gólfílagningarefni (kalsíumsúlfat) fyrir rými þar sem raki er mikill

Fyrirmæli og leiðbeiningar um lagningu og undirbúning fyrir
gifsbundið gólfílagningarefni (kalsíumsúlfat)

Gifsbundið gólfílagningarefni (kalsíumsúlfat) fyrir rými þar sem raki er mikill

Gifsbundið gólfílagningarefni (sem hér eftir nefnist flotefni) hefur verið mikið notað innanhúss síðustu áratugina og reynst vel, þökk sé margvíslegum tæknilegum kostum þess.

Það hentar líka í herbergjum þar sem rakastig er eðlilegt, svo sem í heimiliseldhúsum og baðherbergjum, og einnig í kjöllum.

Ef gert er ráð fyrir því að vatn renni eftir gólfinu þarf að vernda flotefnið fyrir raka, eins og ef um flot úr sementsefni væri að ræða, með því að nota þar til gert þéttiefni. Þetta er einkar mikilvægt meðfram brúnunum til að koma í veg fyrir að einangrunin verði vatnsmettuð og til að viðhalda gæðum flotsins.


Ef það er niðurfali í rýminu má einungis nota flotefnið ef niðurfallið er aðeins ætlað til neyðarnota (sbr. tæknilegar upplýsingar frá gólfefnasambandinu BEB^[8]).

Flotefnið hentar ekki fyrir öll rakasvæði, þ.e. þar sem gólfhali og niðurföll eru í stöðugri notkun, svo sem í atvinnueldhúsum, þvottahúsum, salernum og herbergjum þar sem fyrirhugað er að setja upp sundlaug eða sánu.

Ef þéttingar er þörf þarf að nota samsetta þéttingu samkvæmt annarri eftirfarandi aðferða nema annað sé tekið fram í leiðbeiningum framleiðanda [sjá einnig leiðbeiningar frá ZDB (samtökum þýska byggingariðnaðarins) um samsetta þéttingu innan- og utandyra þar sem gólfefnið er keramikflísar og -listar^[6] og leiðbeiningar BEB um þéttiefni fyrir mismunandi gólfefni^[7]].

a) Þéttiefni borið á með rúllu eða pensli:

- Grunnur er borinn á yfirborð gólfílagsins og brúnir samskeyta.
- Þegar grunnurinn er þornaður er þéttiefni borið á í kringum samskeyti með pensli eða rúllu.
- Samskeytin við vegginn eru þétt með þéttlímbandi sem er fest við flotefnið og vegginn þegar þéttiefni er borið á með rúllu eða pensli.
- Lag af þéttiefni er síðan borið á með pensli eða rúllu yfir þéttlímbandið í samskeytunum.
- Loks er yfirborðsþéttiefni borið á, t.d. með rúllu, í tveimur til þremur umferðum svo minnst tvö kíló séu borin á hvern fermetra.



Þéttiefni borið á með rúllu eða pensli


b) Límpéttiefni

- Grunnur er borinn á yfirborð gólfplansins og brúnir samskeyta.
- Þegar grunnurinn er þornaður er teygjanlegt lím borið á í kringum samskeyti.
- Samskeytin við vegginn eru þétt með þéttlímbandi sem er fest við flotefnið og vegginn þegar límefnið er borið á.
- U.þ.b. 3 mm lag af teygjanlega líminu er því næst borið á flotefnið.

Þéttiefni undir flotefninu þarf að vera í samræmi við þéttiefnið á flotefninu og gólfefnið svo gegnstreymisleiki gufu aukist jafnt og þétt eftir því sem ofar dregur. Hvað þetta varðar skal hafa skal hliðsjón af verklagsreglum BEB um þéttiefni undir flotefninu (og upplýsingablöðum BEB um þéttiefni skv. DIN 18195 ^[5]).

Frekari athugasemdir:

Verja þarf byggingar og hluta bygginga fyrir raka í samræmi við þýskar byggingarreglugerðir. Vegna fúgunar og þéttingar er klæðning úr flísum og listum ekki ógagnræp og því er þétting á öllu flotefni nauðsynleg þegar yfirborðið er þakið vatni.



Límpéttiefni

Nauðsynleg þétting fer að jafnaði eftir væntu álagi. Í DIN 18195-5, 6. og 7. hluta, ^[3] er gerður greinarmunur á því hvort þéttingar teljast vera undir meðalálagi eða miklu álagi hvað varðar tíðni umferðar, hita og vatn: Meðalág er á þéttingu þegar

- álagið er nær stöðugt skv. DIN 1055-3 ^[4] og þéttingin er ekki undir umferðarsvæði (t.d. í bílakjallara),
- ekki eru meiri sveiflur á hitastigi þéttingarinnar en 40 K,
- snerting við vatn er lítil og ekki stöðug.

Þéttingar teljast vera undir miklu álagi ef einn eða fleiri tilgreindra álagsþátta fer yfir tiltekin mörk. Hreinlætisaðstaða í íbúðarhúsnæði flokkast því undir meðalág. Ekki myndast bil á samskeytum vegna svignunar í flotefninu en þó skal ávallt nota þéttiefni með flotinu þar sem samskeytin geta skroppið saman með tímanum og veikleiki þannig myndast í þéttingunni. Samskeyti þar sem teygjanlegt lím er notað teljast vera samskeyti sem þarfnast viðhalds.

Lesefni

Heimildir á netinu

- | | | |
|--|---|---|
| <p>[1] DIN 18560 – Floor screeds in building construction, 1. til 7. hluti</p> <p>[2] ATV DIN 18353 – Laying of floor screed</p> <p>[3] DIN 18195 Water-proofing of buildings - 5. hluti: Water-proofing against non-pressing water on floors and in wet areas, design and execution</p> <p>[4] DIN 1055 Actions on structures, 3. hluti: Self-weight and imposed load in building</p> <p>[5] Þétting skv. DIN 18195 – 4. og 5. hluta; leiðbeiningar BEB, útg. 2002, vatnspétting bygginga skv. DIN 18195 – 8., 9. og 10. hluta; viðbót við leiðbeiningar fyrir 4. og 5. hluta</p> <p>[6] Hinweise für die Ausführung von Verbundabdichtungen mit Bekleidungen und Belägen aus Fliesen und Platten im Innen- und Außenbereich [Leiðbeiningar um samsetta þéttingu innan- og utandyra þar sem gólfefnið er keramikflisar og -listar]; verklagsreglur ZDB, útg. 2005</p> | <p>[7] Abdichtungsstoffe im Verbund mit Bodenbelägen [Þéttiefni með gólfefni]; verklagsreglur BEB, útg. 2007</p> <p>[8] Ausführung von Böden mit nicht planmäßig genutzten Abläufen (Notabläufen) [Frágangur gólfa þar sem niðurföll eru ekki notuð reglulega (niðurföll til neyðarnota)]; tæknilegar upplýsingar frá BEB, útg. 2006</p> <p>[9] Drying of flowing calcium sulphate screeds – verklagsregla nr. 2; 2011 (útg. IGE og IWM)</p> <p>[10] Flowing calcium sulphate screeds on underfloor heating – verklagsregla nr. 3; 2011 (útg. IGE og IWM)</p> <p>[11] Assessment and treatment of the surfaces of flowing calcium sulphate screeds – verklagsregla nr. 4; 2011 (útg. IGE og IWM)</p> <p>[12] Joints in flowing calcium sulphate screeds – verklagsregla nr. 5, 2011 (útg. IGE og IWM)</p> | <p>www.pro-fliessestrich.de Industrieverband WerkMörtel (IWM) e. V. und Industriegruppe Estrichstoffe (IGE) im BV der Gipsindustrie e. V.</p> <p>www.iwm.de Industrieverband WerkMörtel (IWM) e. V.</p> <p>www.calciumbo.de Industriegruppe Estrichstoffe (IGE) im BV der Gipsindustrie e. V.</p> <p>www.beb-online.de Bundesverband Estrich und Belag e. V.</p> <p>www.flaechenheizung.de Bundesverband Flächenheizungen und Flächenkühlungen e. V.</p> |
|--|---|---|

Skálettraður texti í hornklofum er þýðing á þýska heitinu, ykkur til hægðarauka, í þeim tilfellum þar sem ensk útgáfa var ekki tiltæk við útgáfu þessara verklagsreglna.

Útgefandi:

Industrieverband WerkMörtel (IWM) e. V.

Düsseldorfer Str. 50

D-47051 Duisburg

Sími: 0049 (0) 203-99239-0

Fax: 0049 (0)203-99239-98

www.iwm.de



Industriegruppe Estrichstoffe (IGE)

Kochstraße 6-7

D-10969 Berlin

Sími: 0049 (0) 30-311 69 822-0

Fax: 0049 (0)30-311 69 822-9

www.calciumbo.de

www.gips.de

